

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 24/2017****2018/EES/78/24****frá 3. febrúar 2017****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1444 frá 31. ágúst 2016 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 37/2010 að því er varðar efnið hýdrókortísónasepónat ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 13. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010) í XIII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32016 R 1444**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1444 frá 31. ágúst 2016 (Stjútíð. ESB L 235, 1.9.2016, bls. 8).“*2. gr.*Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2016/1444, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*Ákvörðun þessi öðlast gildi 4. febrúar 2017, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*).*4. gr.*Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. febrúar 2017.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 235, 1.9.2016, bls. 8.^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.